



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata, Flokks fólksins og Vinstri grænna

Reykjavík, 30. október 2025

SFS25100205

TILLAGA

Tillaga um stuðning við nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Lagt er til að ráða þrjá kennsluráðgjafa til að stýra verkefni um stuðning við nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.

Áætlaður kostnaður vegna tillögunnar eru 45 m.kr. á ári til þriggja ára. Kostnaður rúmast ekki innan fjárheimilda skóla- og frístundasviðs

Greinargerð:

Árið 2015 voru 11% nemenda í grunnskólum Reykjavíkur af erlendum uppruna en haustið 2024 voru það um 25%. Verkefnið felur í sér að setja af stað stoðþjónustu til þriggja ára fyrir þá skóla þar sem hlutfall nemanda með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn er hátt eða yfir 60%. Meginhlutverk þjónustunnar er að styðja við nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn með því að bjóða upp á markvissa kennslu í íslensku sem öðru tungumáli, áherslur inngildingar í skólastarfinu og virkni í foreldrasamstarfi. Mikilvægt er að styrkja móttöku nemenda með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Taka þarf mið af þörfum nemenda hverju sinni og veita úrræði og úrlausn mála við hæfi hvers nemanda og fjölskyldu hans. Enn fremur þarf að þjálfar starfsfólk skóla betur í fjölmennningarlegri nálgun og tvítyngdum kennsluáðferðum, þ.e. í gegnum aukna fræðslu og endurmenntun.

Styrkja þarf samstarf á milli velferðarþjónustu og skóla- og frístundastarfs til að unnt sé að vinna heildrænt með börnum og fjölskyldum þeirra.

Tillagan er lögð fram í tengslum við tillögu borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna um bættar starfsaðstæður í leik- og grunnskólum sem samþykkt var á fundi borgarstjórnar 4. mars 2025. Tillagan er einnig í tengslum við Samstarfsyfirlýsingu Samfylkingar, Pírata, Sósíalistaflokksins, Flokks fólksins og Vinstri grænna um lífsgæði í Reykjavík þar sem lögð er áhersla á íslenskukennslu barna með annað móðurmál en íslensku í samvinnu við skólasamfélagið.



Reykjavík